

Marpól ehf.
Laufbrekku 24 (Dalbrekkumegin)
200 Kópavogur

Reykjavík, föstudagur, 12. janúar 2024
UST202311-001/F.K.
07.13.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar- Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um efnavöru sem uppfyllti mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og fór í eftirlit í kjölfarið. Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Marpól ehf., dagsett þann 1.11.2023 þar sem tilkynnt var um eftirlit í kjölfar ábendingar sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vara sem fyrirtækið Marpól ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu á uppfyllti kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta-og hreinsiefni.

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð hjá fyrirtækinu:

Vara	Strikamerki
Bio-Clean Hard Water Stain Remover	736869499432

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Marpól ehf. frest til 9.2.2024 til að skila úrbótum sem hér segir:

Senda stofnuninni afrit af uppærðum merkimiðum þar sem bætt hefur verið úr þeim frávikum sem gert var grein fyrir í eftirlitsskýrslu. Úrbæturnar varða tungumálakröfu, viðvörunarorð, hættusetningar, hættumerki og varnaðarsetningar, einnig að fjarlægja skal setningar sem gefa til kynna að efnablanda sé ekki hættuleg eða ekki í samræmi við flokkun efna og efnablöndu í vörunni sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og

umbúðir efna og efnablandna. Einnig skal uppfæra miða með tilgreindu magni innihaldsefna sbr. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta-og hreinsiefni.

Senda stofnuninni mynd af vörunni sem sýnir ápreifanlega viðvörun, á merkimiða eða umbúðum.

Senda Umhverfisstofnun öryggisblöð þar sem bætt hefur verið úr þeim frávikum sem gerð var grein fyrir í eftirlitsskýrslu og í samræmi við reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202311-001.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á vörulager verði merktar í samræmi við framangreindar úrbætur þegar uppfærð merking liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Varan hefur nú þegar verið innkölluð og varan er undir tímabundinni stöðvun.

Umhverfisstofnun veitir Marpól ehf. hér með frest til 19.1.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 19.1.2024. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 19.1.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Nánari upplýsingar um regluverk sem eftirlitið nær til má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

Um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹, um þvotta- og hreinsiefni² og um öryggisblöð³.

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>

² <https://ust.is/atvinnulif/efni/thvotta-og-hreinsiefni/>

³ <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllt,

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla